

1. Umfjöllun um gildissvið laga um félög til almannaheilla nr. 110/2021

Lög um félög til almannaheilla nr. 110/2021 tóku gildi þann 1. nóvember 2021. Samkvæmt 1. gr. laganna nær gildissvið þeirra til félaga sem skráð eru í almannaheillafélagaskrá og stofnað er til eða starfrækt eru í þeim tilgangi að efla afmörkuð málefni til almannaheilla samkvæmt samþykktum sínum. Í niðurlagi 2. mgr. 1. gr. er tekið fram að lögin gildi ekki um félög samkvæmt 5. gr. íþróttalaga nr. 64/1998 nema svo sé tekið fram í samþykktum þeirra, sbr. Þó 5. mgr. 29. Gr.

Í 29. gr. laganna er fjallað um skráningu félags til almannaheilla í almannaheillafélagaskrá, en sú skráning er valkvæð og er ætluð félögum þar sem stærð, umfang eða eðli starfseminnarfelur í sér þær skyldur og réttindi sem í lögunum er kveðið á um. Í 5. gr. 29. gr. er kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 2. másl. 2. mgr. 1. gr. sé heimilt að skrá félög skv. 5. gr. íþróttalaga í almannaheillafélagaskrá þótt ekki sé tekið fram í samþykktum þeirra að þau séu félög til almannaheilla. Skal um tilkynningu til almannaheillafélagaskrár í slíkum tilvikum fara skv. 2.– 4. mgr. Í sérstökum athugasemdum með ákvæðinu í frumvarpi að lögunum eru engar frekari útskýringar á þessari undantekningu en í almennum athugasemdum kemur fram að í umsögnum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) um frumvörpin hafi samtökin lagst gegn því að íþróttahreyfingin félli undir gildissvið frumvarpsins. Í umsögnum aðila kemur fram að sjálfstæði íþróttahreyfingarinnar og forræði hennar á eigin málefnum sé mikilvægt en auk þess taki regluverk ÍSí til allra álitafna sem snúa að hreyfingunni og starfsemi hennar. Tekið var tillit til athugasemda íþróttahreyfingarinnar um málið og er í frumvarpinu lagt til að íþróttafélög falli ekki undir gildissvið frumvarpsins nema mælt sé fyrir um það í samþykktum félagsins, sbr. 1. gr. og 5. mgr. 29. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. íþróttalaga nr. 64/1998 byggist íþróttastarfsemi utan skóla á frjálsum framtaki landsmanna en með því er átt við að íþróttaiðkun utan skólakerfisins fari fram innan vébanda eða á vegum frjálsra félagasamtaka þegar ekki er um einstaklingsbundin viðfangsefni að ræða. Þau félög sem hér um ræðir og falla utan gildissviðs frumvarpsins eru þannig frjáls félagasamtök sem hafa þann tilgang að halda utan um íþróttaiðkun félagsmanna sinna. Í 2. mgr. 5. gr. kemur fram að ÍSí sé æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og að sambandið eigi í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar og að UMFÍ séu sjálfstæð félagasamtök á sviði íþróttar. Í athugasemdum frumvarps að lögum nr. 110/2021 kemur fram að þrátt fyrir að framangreind félög séu félög til almannaheilla sé í frumvarpinu lagt til að þau falli ekki undir gildissvið þess þar sem um þau gildir þegar ítarlegt regluverk.

Af ákvæðum laganna sem og frumvarpi virðist því mega draga þá ályktun að félög eins og Skotíþróttafélag Kópavogs, sem skilgreint er sem íþróttafélag undir ÍSí, falli undir skilgreiningu íþróttafélags samkvæmt íþróttalögum og falli þannig ekki að óbreyttu undir lögin. Þó sé unnt að ákveða það með því að tilgreina það í samþykktum félagsins eða skrá félagið í almannaheillafélagaskrá.

2. Ákvæði laga og öryggisreglna félagsins varðandi brottvísun félagsmanna úr félaginu þrátt fyrir að Skotíþróttafélag Kópavogs falli ekki beinlínis undir lög nr. 110/2021 er vissulega unnt að hafa að leiðarljósi þau sjónarmið sem þar er vísað til varðandi brottvísun félagsmanna úr félagi. Í 8. gr. laganna er fjallað um brottvísun úr félagi og þar kemur m.a. fram í 2. mgr. Að ákvörðun um brottvísun skuli tekin á félagsfundum sé ekki kveðið á um annað í samþykktum félags. Getið skuli um ástæður brottvísunar í ákvörðun félagsins. Félagismaður getur tekið þátt í atkvæðagreiðslu um brottvísun sína. Áður en ákvörðun um brottvísun er tekin skal gefa viðkomandi kost á að tjá sig um málið. Í 3. mgr. segir að taki stjórn félags, samkvæmt samþykktum þess, ákvörðun um brottvísun skuli sá sem brottvísun beinist að eiga rétt á því að skjóta þeirri ákvörðun til félagsfundar. Í 3. mgr. segir að ákveða megi í samþykktum félags að félagismaður teljist genginn úr því hafi hann ekki greitt félagsgjöld í ákveðinn tíma.

Varðandi öryggisreglur félagsins þá mætti skoða að gera eftirfarandi breytingar

15. lið:

„Verði æfingastjóri var við ógætlega meðferð skotmanns á skotvopni eða ef skotmaður hlýðir ekki fyrirmælum æfingastjóra skal æfingastjóri veita skotmanni fyrstu aðvörun. Skal hún veitt skriflega og nægir tölvupóstur í því efni. Verði æfingastjóri aftur var við ógætlega meðferð skotvopns og brot á öryggisreglum skal skotmanni veitt önnur skrifleg aðvörun. Komi til þriðju aðvörunar til skotmanns skal æfingastjóri senda stjórn félagsins og aganefnd skriflega tilkynningu þar um. Tölvupóstur nægir í þessu efni og telst skrifleg tilkynning. Skal viðkomandi skotmaður fá sent afrit af þeirri tilkynningu.“

16. Liður (það sem var í 15. Lið):

„Brot á þessum reglum geta varðað brottrekstri úr félaginu.“

Varðandi lög félagsins þá mætti skoða að gera eftirfarandi breytingar

Grein 2.

Tilgangur félagsins er eftirfarandi:

- a. Félagið er málsvari þeirra sem stunda skotæfingar og skotíþróttir
- b. vinna að bættri aðstöðu til skotæfinga
- c. að efla almennan áhuga á skotfimi
- d. auka þekkingu á skotvopnum og meðferð þeirra
- e. vinna gegn ógætilegri notkun skotvopna

Grein 9.

Stjórn félagsins skal skipa fimm menn; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi.

Í varastjórn skal kjósa tvo menn.

Hver maður í stjórn og varastjórn skal kostinn sérstaklega til eins árs í senn.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda.

Stjórn skiptir með sér verkefnum og ákveður starfstilhögun hverju sinni.

Stjórnarfundur skal halda reglulega. Formaður boðar til stjórnarfundar og ræður afl atkvæða úrslitum á stjórnarfundum. Stjórnarfundur er löglegur ef þrír stjórnarmenn eru mættir, þar með formaður eða varaformaður, enda hafi allir stjórnarmenn verið boðaðir til fundarins.

Grein 10.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins og stefnt skal að því að halda aðalfund seinni partinn í febrúar, ár hvert.

Til almennra félagsfunda skal boða þegar þörf þykir að dómi meirihluta stjórnar, eða þegar minnst 25 félagsmenn óska þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Aðalfundur skal boða með a.m.k. mánaðar fyrirvara á heimasíðu félagsins www.skotkop.is ásamt fjöldapósti á félagsmenn með skráð tölvupóstfang. Skal kynna aðalfund á sem víðtækastan hátt fyrir félagsmönnum. Í fundarboði skal greina frá fundarefni.

Aukaaðalfundur skal halda ef meirihluti stjórnar telur nauðsynlegt og skal til hans boðað með sama hætti og til aðalfundar og hafa þeir sama vald, enda sé fundarefni tilgreint í fundarboði.

Grein 14.

Stjórn félagsins skal setja reglur um æfingatíma, ásamt sérstökum reglum um öryggi og umgengni á æfingasvæðum félagsins og er félagsmönnum skylt að hlíta þeim.

Stjórn skipar æfingastjóra í hverri íþróttagrein og skal æfingastjóri sjá til þess að æfingin fari fram samkvæmt reglum um öryggi og umgengni á æfingasvæðum.

Um viðurlög við brotum samkvæmt reglum um öryggi og umgengni á æfingasvæðum vísast til laga ÍSÍ.

Stjórn félagsins eða félagsfundir er heimilt að víkja mönnum úr félaginu hafi menn fengið þrjár skriflegar aðvaranir af hálfu æfingastjóra vegna brota á reglum um öryggi og umgengni á æfingasvæðum. Ræður meirihluti atkvæða stjórnar eða félagsfundar.

Á sama hátt má víkja félagsmanni úr félaginu sem með framkomu sinni hnekkir álitum félagsins og skaðar málsstað skotíþróttar.

Hafi æfingastjóri tilkynnt stjórn og aganefnd skriflega um brot félagsmanns á reglum um öryggi og umgengni á æfingasvæðum og þriðju aðvörðun til félagsmanns, er viðkomandi félagsmaður í æfingabanni á meðan aganefnd hefur málið til umfjöllunar. Um málsmeðferð aganefndar vísast til verklagsreglna nefndarinnar.

Áður en ákvörðun um brottvísun er tekin skal gefa viðkomandi félagsmanni kost á að tjá sig um málið. Getið skal um ástæður brottvísunar í ákvörðun félagsins.

Brottrekinn félagsmaður getur áfrýjað slíkri ákvörðun til aðalfundar.